



Reglur um styrki til húsverndar

1. gr.

Auglýsing um styrki

Hveragerðisbær skal auglýsa eftir umsóknum ár hvert um styrki til þess að styðja við varðveislu og viðhald mannvirkja í Hveragerðisbæ sem eru friðlýst, friðuð eða hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Umsóknarfrestur skal koma fram í auglýsingu.

2. gr.

Umsókn um styrk

Til þess að sækja um styrk til húsverndar skal fylla út rafræna umsókn á íbúagátt á heimasíðu Hveragerðisbæjar á slóðinni www.hveragerdi.is

Með umsókn skulu fylgja greinargóðar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir en að lágmarki skulu eftirtalin gögn lögð fram með umsókn:

- a) Upplýsingar/gögn um hvort mannvirki sé friðlýst, friðuð eða hafi menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- b) Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum.
- c) Kostnaðaráætlun. Sé fyrirhugað að framkvæmdir standi yfir í fleiri en eitt ár skal umsækjandi gera grein fyrir áfangaskiptingu við verkið í heild sinni og gera grein fyrir þeim kostnaði sem sótt er um styrk fyrir á yfirstandandi ári. Heimilt er að sækja um styrki fyrir aðra áfanga við næstu styrkveitingu en Hveragerðisbær er ekki skuldbundinn til að veita styrki til seinni áfanga verksins.
- d) Tímaáætlun framkvæmda. Sé fyrirhugað að framkvæmdir standi yfir í fleiri en eitt ár skal umsækjandi gera grein fyrir áfangaskiptingu við verkið í heild sinni og nákvæmri tímaáætlun fyrir framkvæmdir á yfirstandandi ári sem umsókn á við um.
- e) Ljósmyndir af mannviki og eftir atvikum þeim hlutum mannvirkis sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar á.

Sé umsókn ekki fullnægjandi eða ef fylgigögnum er ábótavant getur umsókn verið vísað frá.

Þegar umsóknarfresti er lokið skulu framkomnar umsóknir lagðar fyrir skipulags- og umhverfisnefnd til umsagnar. Nefndin getur óskað eftir frekari upplýsingum eða gögnum frá umsækjanda og/eða óskað álits sérfræðinga á umsókn áður en umsögn nefndarinnar er veitt. Með umsögn skipulags- og umhverfisnefndar skal fylgja tillaga um afgreiðslu á umsókn til bæjarstjórnar. Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar tekur ákvörðun um veitingu styrkja og fjárhæð þeirra samkvæmt reglum þessum og skal umsækjendum tilkynnt um niðurstöðu bæjarstjórnar með bréfi eða tölvupósti.

Umsókn skal metin með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upprunaleika og tæknilegs ástands ásamt gildi hennar fyrir varðveislu byggingararfs Hveragerðisbæjar. Áhersla skal lögð á að styrkja framkvæmdir sem færa ytra byrði húsa s.s. glugga og klæðningu til upprunalegs horfs. Umsóknir vegna framkvæmda sem telja má til eðlilegs viðhalds teljast að jafnaði ekki styrkhæfar.

3. gr.

Greiðsla styrks

Styrkur er greiddur út þegar þeim framkvæmdum er lokið sem sótt var um styrk fyrir og umsækjandi hefur skilað lokaskýrslu eða áfangaskýrslu sem byggingarfulltrúi Hveragerðisbæjar hefur staðfest með áritun um að framkvæmdum sé lokið í samræmi við kröfur og umsókn.

Nýti styrkþegi sér ekki úthlutaðan styrk á sama ári og honum er úthlutað, fellur styrkur niður.

Reglur þessar voru samþykktar á fundi bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar 12. febrúar 2026